

Á fundinn voru níu mæður mættar og fulltrúi skólans.

Fundarritari var valinn og síðan hófst fundur skv. auglýstri dagskrá.

1. Fulltrúi skólans las skýrslu stjórnar og kynnti. Síðan lesið úr lögum og tilgangur foreldraráðs kynntur.

Spurt var hvort almenn líðan nemenda væri könnuð reglulega og því svarað að viðhorfakannarir væru gerðar meðal nemenda og umsjónarkennarar tækju viðtöl við nemendur sína.

Spurt var hvort umsjónarkennarar hefðu sent póst en svo er ekki. Hins vegar getur verið gott fyrir foreldra, ef þeir telja ástæðu til, að hafa samband við umsjónarkennara eftir miðannarmat.

Spurt hvort umsögn kæmi frá kennurum með miðannarmatinu á Innu og því svarað að það er misjafnt hvort kennarar gefi umsögn.

Einnig kom fram að einhverjir foreldrar hafa ekki komist inn á Múðlu.

2. Kosning þriggja fulltrúa í stjórn til tveggja ára. Ástrún Ósk Ástþórsdóttir, Hafdís Pálsdóttir og Dýrfinna Kristjánsdóttir gefa kost á sér og auk þeirra eru þá í stjórn frá fyrra ári Hulda Markúsdóttir, Elísabet Magnúsdóttir og Guðrún Sóley Guðnadóttir og Ásdís Kristinsdóttir frá skólanum.
3. Svava Margrét Blöndal Ásgeirsdóttir og Guðrún Erla Ólafsdóttir gáfu kost á sér sem varamenn í stjórn til tveggja ára.
4. Hafdís Pálsdóttir tók að sér setu í skólanefnd.
5. Önnur mál
  - a. Ákveðið var að hafa fundi foreldraráðs fyrsta miðvikudag í mánuði, nema þegar frídagar eru, kl. 18 og funda í ca. klukkutíma.
  - b. Spurt var hvort hjúkrunarfræðingur væri við skólann en svo er ekki heldur er vísað út á heilsugæslu í Spönginni.
  - c. Fram komu áhyggjur foreldra af því að nemendur eru ekki tryggðir slasist þeir á skólatíma (skólinn tekur ekki þátt í kostnaði).
  - d. Busavíslan fór aðeins úr böndum en ballið gekk vel. Einhverjir voru þó drukknir á ballinu. Ánægja með edrú-pottinn.
  - e. Spurt hvort hafi verið vídeó-kvöld en svo er ekki. Gufunesbær var í fyrra í samstarfi við nemendafélagið með slíkt.
  - f. Nefnt að vefsíða nemendafélagsins er borgari.is og þar má fylgjast með því sem gert er í nemendafélaginu. Einnig kemur margs fram á Facebook-síðu nemendafélagsins.
  - g. Næsti fundur er 7. nóvember kl. 18 í stofu 308 í skólanum.

Fundarritari var Mary B. Þorsteinsdóttir